

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/647

2021/EES/57/34

frá 15. janúar 2021

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu vegna notkunar á tilteknum blýefnasamböndum og efnasamböndum með sexgildu krómi í rafmagns- og rafeindakveikingar fyrir sprengiefni til almennra nota (í atvinnuskyni), í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggja að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um tilteknu undanþegnu notkunina sem um getur í III. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Blý og sexgilt króm eru efni sem sæta takmörkunum og eru skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 4) Hinn 19. janúar 2018 barst framkvæmdastjórninni umsókn, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/EB, um að fá skráða undanþágu í III. viðauka við þá tilskipun vegna notkunar á blýefnasamböndum og efnasamböndum með sexgildu krómi í rafmagns- og rafeindakveikingar fyrir sprengiefni til almennra nota (í atvinnuskyni) (hér á eftir nefnd undanþágan sem óskað er eftir).
- 5) Mat á beiðninni fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Athugasemdirnar sem bárust meðan á þessu samráði stóð voru gerðar aðgengilegar öllum á sérstöku vefsetri.
- 6) Tiltekin blýefnasambönd og efnasambönd með sexgildu krómi eru notuð í mikilvæga hluta rafmagns- og rafeindakveikingar, s.s. rafmagnskveikjuhausa, forsprenghleðslur og seinkunarkveikjur. Rafmagns- og rafeindakveikingar eru hluti af rafmagns- og rafeindahvellhettum sem eru aðallega notaðar við námuvinnslu jarðefna, byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem og í íhluti í samþætt björgunarkerfi.
- 7) Sem stendur eru engir staðgöngukostir fáanlegir á markaðnum fyrir blýdíasið, blýstýfnat, blýdípíkramat, gulmenju (blýtetraoxíð), blýdíoxíð í rafmagns- og rafeindakveikingum og fyrir baríumkrómat í langtímaseinkunarkveikjum í rafmagns- og rafeindakveikingum sem uppfylla allar nauðsynlegar kröfur til að tryggja örugga starfsemi rafmagns- og rafeindakveikinga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

- 8) Vegna skorts á staðgöngukostum er vísindalega og tæknilega ekki mögulegt að skipta út blýdíásíði, blýstýfnati, blýdíþíkrámati, gulmenju (blýtetraoxíði), blýdíoxíði og baríumkrómati eða taka þau út úr tilteknum íhlutum rafmagns- og rafeindakveikinga. Undanþágan er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽²⁾ og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 9) Því er viðeigandi að veita undanþáguna sem óskað er eftir með því að færa notkunina sem fellur undir hana á skrá í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB að því er varðar raf- og rafeindabúnað í 11. flokki.
- 10) Veita ætti undanþáguna sem óskað er eftir í 5 ár frá og með 20. apríl 2021 í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 11) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. nóvember 2021.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. janúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjttð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslu 45 er bætt við í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„45	Blýdfasíð, blýstýfnat, blýdípíkramat, gulmenja (blýtetraoxíð), blýdíoxíð í rafmagns- og rafeindakveikingum fyrir sprengiefni til almennra nota (í atvinnuskyni) og barfúmkrómat í langtímaseinkunarkveikjum í rafeindakveikingum fyrir sprengiefni til almennra nota (í atvinnuskyni)	Gildir um 11. flokk og fellur úr gildi 20. apríl 2026.“
-----	---	---